

72
4. júní. Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps hefur byggt undanfærslu sína undan að greiða ofan nefnt endurgjald sumpart á því, að styrkur sá, sem veittur hafi verið Pálínu Pálsdóttur til meðgjafar með barni hennar, hafi verið veittur að nauðsynjalausu og án þess að rannsakaður hafi verið áður efnahagur þeirra, er að henni stóðu, sumpart á því, að þegar þurfalingurinn eigi framfærsluskylda frændur, þá eigi heimilishreppurinn fyrst að snúa sjer til þeirra um endurgjald á hinum veitta sveitarstyrk, og geti eigi gengið að framfærsluhreppnum í því efni, fyrr en augljóst sje, að frændurnir sje eigi aflagsfærir. Að endingu álitur hreppsnefndin sjer eigi skylt, hvernig sem fer, að endurgjalda meðgjöfina fyrir 1879—80 og fyrir hálf t árið 1880—81 eða samtals 63 kr. 20 a. af upphæðinni, með því að hún hafi eigi fyrr en í september 1880 fengið tilkynningu um, að barni Pálínu hafi verið komið niður af hreppsnefnd Helgastaðahrepps frá krossmessu 1879.

En einsog ekkert það er fram komið eða upplýst í málinu, er bendi á það, að hinn umræddi sveitarstyrkur hafi verið veittur að nauðsynjalausu, eins verður það heldur eigi álitid, að framfærslusveitina beri aðeins að skoða sem varaskuldunaut heimilishreppsins fyrir framlögðum sveitarstyrk, en framfærisskylda frændur sem aðalskuldunauta, því að bæði væri þetta gagnstætt hlutarins eðli, þarsem fjárframlag heimilishreppsins er aðeins til bráðabirgða og veitt vegna þess, að þurfalingurinn ekki nógu fljótt getur orðið hjálpar aðnjótandi frá framfærsluhreppnum, og á hinn bóginn er engin lagaákvörðun, sem neyði til að víkja frá því, sem þannig er eðlilegast í þessu efni, en þarsem í þessu tilliti hefur verið skýrskotað til 9. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, þá verður eigi sjeð, að sú lagagrein innihaldi neitt það, er komi í bága við þessa skoðun, og þó að brjef innanríkisstjórnarinnar 6. maí 1853 sýnist í fljótu bragði hafa annan skilning á þessu atriði í fátækralöggjöfnni, þá verður þó eigi í þessu máli byggt neitt á því brjefi, með því að þar var talsvert öðruvísi ástatt en hjer, þarsem faðir þurfaingsins hafði beinlínis skuldbundið sig til að endurgjalda hinn veitta styrk. Þar á móti er öðru máli að gegna um umkvörtun hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhreppi yfir því, hve seint hafi verið sagt til meðgjafarinnar með barni Pálínu, þarsem það verður að álitast bein skylda heimilishreppsins að gefa framfærsluhreppnum tafarlaust tilkynningu um sveitarstyrk, sem þannig er veittur fyrir hans hönd, og með því að þessi tilkynning ekki hefur átt sjer stað fyrri en hreppsnefndin í Helgastaðahreppi 5. apríl 1880, eða nálega ári síðar en barninu var komið niður, skrifaði sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um málið, verður Glæsibæjarhreppur eigi skyldaður til að endurgjalda þann hluta meðgjafarinnar, er greiddur var til þess dags með ofan nefndu barni Pálínu Pálsdóttur.

Af framanskri fuðum ástæðum er hinum áfrýjaða úrskurði yðar, herra amtmaður, að þessu leyti breytt, og um leið og jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefndum þetta, vonast jeg jafnframt eptir, að þjer hlutist til um, að þessum úrskurði mínum verði fullnægt.

73
5. júní. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ónýtingu á kosningum til amtsráðs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. apríl þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, tilkynnt mjer, að þjer, samkvæmt heimild þeirri, er yður er veitt í 37. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, hafið fellt úr gildi fyrst um sinn kosningargjörðir sýslunefndanna í Þingeyjarsýslum til amtsráðsins, er fram fóru 10. og 25. marzmánadar síðastliðins, með því að kosningar þessar hafi fram farið án tilhlutunar frá yðar

hendi og án þess að sýslunefndirnar hefðu fyrir sjer hinar fyrirskipuðu kjörgengisskrár, og hafið þjer beiðst fullnaðarúrskurðar míns í þessu máli.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða að gefa yður til vitundar, að jeg staðfesti hjer með ofanefnda ráðstöfun yðar.

73

5. júní.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um komu laxfróðs manns hingað til landsins frá Danmörku. — Eptir tilhlutun landsstjórnarinnar og samkvæmt ákvörðun alþingis kemur hingað með pótskipinu í næstkomandi júlímánuði fiskifróður maður frá Danmörku, adjunkt Feddersen, til að leiðbeina mönnum í laxveiði og fiskirækt, m. m.

74

10. júní.

Nú með því sýslunefndin í Suðurþingeyjarsýslu, bæði áður, eins og yður, herra amtmaður, er kunnugt (brjef amtsins 6. júlí f. á.) og einnig í brjefi hlutaðeigandi sýslumanns frá 18. apríl þ. á. hefur farið þess á leit, að fiskifróður maður verði útvegður þangað frá útlöndum til að leiðbeina sýslubúum í lax- og silungsrækt, þá hefi jeg sagt svo fyrir, að adjunkt Feddersen fyrst fari til Akureyrar — með því pótskipið þá eigi kemur við á Húsavík — og snúi sjer til yðar, herra amtmaður, til þess að þjer ráðstafið ferðum hans, og bið jeg yður þessvegna gjöra það sem nauðsynlegt er í þessu efni, einkum með því að tilkynna sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu sem fyrst, að mannsins sje von, og skora á hana, að gjöra hinn nauðsynlega undirbúning til að nota leiðbeiningu hans.

Hvað lengi adjunkt Feddersen þyrfti að vera í Þingeyjarsýslu, er mjer ekki ljóst, en þetta verður að vera komið undir atvikum, en þaræð sýslunefndin í Árnessýslu einnig hefur beðið um að fá leiðbeiningu hans, og jeg þar að auki vildi, að hann gæti verið nokkurn tíma í Borgarfjarðarsýslu, óska jeg að hann síðari hluta sumarsins gæti verið hjer á suðurlandi, eða komið hingað svo fjótt sem hann má missast frá Þingeyjarsýslu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um komu vegfræðings hingað til landsins frá Noregi. — Jeg hefi í dag skrifað sýslumanninum í Norðurmúlasýslu á þessa leið:

75

10. júní.

«Eptir ráðstöfun landsstjórnarinnar er nú kominn hingað vegfróður maður norskur, ingenieur Nils Hovdenak, sem á að vera hjer í sumar til að segja fyrir um vegagjörðir.

Með því þjer, herra sýslumaður, í brjefi til norður- og austuramtsins frá 28. febr. þ. á., hafið talið það æskilegt og nauðsynlegt að fá til sýslu yðar vegfræðing þann, er hingað kynni verða sendur, hefi jeg lagt fyrir ingenieur Hovdenak að fara nú með pótskipinu til Seyðisfjarðar, til að leiðbeina við vegagjörðir í Norðurmúlasýslu, og þar sem þjer höfðuð farið fram á að fá 1500 kr. til áframhalds vegagjörðinni á Vestdalsheiði, en þetta fje ekki hefur enn verið veitt, þá vil jeg í því skyni, að not gætu orðið að vegfræðingnum við þessa vegagjörð, veita hinar umbeðnu 1500 kr. af fje því, sem ætlað er til fjallveganna, og skora jeg á yður að annast um framkvæmd þessarar vegagjörðar, og mun jeg útborga hið umrædda fje eptir nákvæmari ósk amtmannsins yfir norður- og austuramtinu.

Jeg skal skora á yður að segja vegfræðingnum fyrir um störf þau, er hann á að framkvæma í sýslu yðar, og að gefa sýslumanninum í Suðurmúlasýslu einnig kost á að fá leiðbeiningu hans við vegagjörðir í þessari sýslu.